

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög o.fl., 237. mál.**

Þann 14. mars óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um hlutafélög o.fl. (einföldun, búsetuskilyrði).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem miða að því einfalda lagaumhverfi hlutafélaga og einkahlutafélaga auk þess sem brugðist er við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA vegna skilyrða í núgildandi lögum um búsetu og heimilisfesti stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og útibússtjóra hlutafélaga, einkahlutafélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Þá eru einnig lagðar til breytingar sem stemma eiga stigu við misnotkun á félagaförminu.

Félag atvinnurekenda fagnar allri einföldun á regluverki atvinnulífsins og telur því frumvarpið sem slíkt til mikilla bóta. Einfalt, skilvirkt og hagkvæmt regluverk er bæði almenningi og atvinnulífi til hagsbóta. Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur ekki náðst sú einföldun regluverks atvinnulífsins sem stefnt hefur verið að síðustu árin eins og kom berlega í ljós með skýrslu ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur sem birt var á vef forsætisráðuneytisins í október síðastliðnum. Á 143.- 145. löggjafarþingi urðu að lögum 35 frumvörp sem snertu regluverk atvinnulífsins. Af þeim voru sex til einföldunar regluverks, tólf fólu bæði í sér einföldun og íþyngjandi reglur og 17 fólu eingöngu í sér íþyngjandi regluverk.<sup>1</sup> Ljóst er því að betur má ef duga skal.

FA telur tillögu frumvarpsins um niðurfellingu búsetuskilyrðis stofnenda hlutafélaga mjög til bóta en líkt og kemur fram í greinargerð frumvarpsins hefur ráðherra almennt veitt undanþágu frá þessu skilyrði. Einnig er lagt til að skráð félagasamtök og lífeyrissjóðir bætist við upptalningu þeirra aðila sem geta stofnað hlutafélag. Í framkvæmd hefur ráðherra almennt veitt öðrum aðilum undanþágu. Þessar breytingar fela í sér umtalsverða einföldun, auka skilvirkni og minnka óþarfa kostnað og vinnu. Þá telur FA til mikillar einföldunar að frestir til að tilkynna hlutafélagaskrá séu lengdir í nokkrum tilvikum úr tveimur vikum í fjórar þannig að samræmis gæti við almennan tímafrest til skráningar samkvæmt XVII. kafla hlutafélagalaganna og XVII. kafla einkahlutafélagalaganna.

Lögð er til breyting á búsetuskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra en hún felur í sér að skilyrðið gildi ekki fyrir ríkisborgara EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings EFTA og Færeyja, sama hvar þeir eru búsettir í heiminum, og einstaklinga sem búsettir eru í framangreindum

<sup>1</sup> Skýrsla um þróun reglubyrði atvinnulífsins á 143. til 145. löggjafarþing. Reykjavík, október 2016.  
<https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/radgjafarnefnd-um-opinberar-eftilitsreglur.pdf>

ríkjum. FA telur þessa breytingu afar jákvæða enda stuðlar hún að frjálsu flæði starfsfólks og fellur betur að því starfsumhverfi sem verður æ algengara, þ.e. að fólk hafi búsetu í einu landi en starfi í öðru eða öðrum með aðstoð tölvutækni og góðra samgangna.

Félag atvinnurekenda telur einsýnt að frumvarpið leiði til aukinnar skilvirkni og einföldunar á þeim reglum sem lúta að stofnun og starfsemi hlutafélaga og einkahlutafélaga. Með hliðsjón af því leggur FA til að frumvarpið nái fram að ganga.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri við nefndina frekari athugasemdum og upplýsingum. Þá er félagið reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,

  
Inga Skarphéðinsdóttir, lögfræðingur FA